

Heimar hf.: Aðalfundur 9. mars 2026

Dagskrá og tillögur fyrir aðalfund Heima hf. sem haldinn verður í Smárabíó, í salnum Flauel, Hagasmára 1, 201 Kópavogi, mánudaginn 9. mars 2026 kl. 15:00.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum.
6. Tillögur til breytinga á samþykktum:
 - a) Tillaga um breytingu á 1. mgr. 4. gr. samþykktar félagsins þar sem lagt er til að hlutafé verði lækkað til ógildingar eigin hluta.
 - b) Tillaga um breytingu á 23. gr. samþykktar félagsins þar sem lagt er til að bætt verði við ákvæði um varamenn í stjórn félagsins.
7. Kosning félagsstjórnar.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Tilnefning nefndarmanns í endurskoðunarnefnd.
10. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
11. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar fyrir næsta kjörtímabil.
12. Önnur mál.

Tillögur stjórnar Heima hf.

2. Ársreikningur

Stjórn Heima hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2025 verði staðfestur.

3. Arður

Stjórn leggur til að greiddur verði arður til hluthafa vegna næstliðins reikningsárs sem nemur 0,40 kr. fyrir hverja krónu nafnverðs útistandandi hlutafjár, sem samsvarar um 790 m.kr.

Hlutablet sem viðskipti eru með frá og með 23. mars 2026 verða án arðsréttinda (arðleysisdagur). Miðað verður við hlutaskrá félagsins, í lok viðskipta þann 24. mars 2026 (arðsréttindadagur) hvað varðar rétt hluthafa til arðgreiðslu. Arður verður greiddur út þann 14. apríl 2026 (arðgreiðsludagur).

Að öðru leyti er vísað til ársreiknings varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu.

Greinargerð:

Arðgreiðslustefna Heima hf. felur í sér að greiða til hluthafa fjárhæð sem nemur um 1/3 hluta hagnaðar næstliðins, rekstrarárs annað hvort í formi arðgreiðslna eða með kaupum á eigin bréfum og lækkun á hlutafé. Í arðgreiðslustefnu félagsins er tiltekið að taka eigi tillit til áhættu í ytra umhverfi, vaxtarhorfum og þess að félagið viðhaldi til framtíðar traustri eigin- og lausafjárstöðu. Tillaga stjórnar er að greiddur verði arður sem nemur 0,40 kr. fyrir hverja krónu nafnverðs útistandandi hlutafjár, sem samsvarar um 790 m.kr. á árinu 2026. Auk þess leggur stjórn til að henni verði veitt áframhaldandi heimild til endurkaupa eigin bréfa, allt að 10% af hlutafé, með það að markmiði að félaginu sé gert kleift til að framfylgja arðgreiðslustefnu.

4. Starfskjarastefna

Stjórn Heima hf. leggur til við aðalfund félagsins að framlögð starfskjarastefna verði samþykkt, en stefnan er óbreytt frá þeirri starfskjarastefnu sem samþykkt var á aðalfundi þann 11. mars 2025. Starfskjaraskýrsla ásamt öðrum viðeigandi gögnum, fylgir með fundarboði til aðalfundarins.

5. Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum

Stjórn Heima hf. leggur til við aðalfund félagsins, með vísan til heimildar í 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, að félaginu verði heimilt að kaupa eigin bréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Tilgangur kaupanna er að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun samkvæmt heimild í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596/2014, sem og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2016/1052, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021, og að vera grundvöllur að þeirri endurkaupaáætlun sem nú er unnið eftir.

Kaupgengi hluta sem keypt eru samkvæmt heimild þessari skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga

eða vegna endurkaupaáætlana eða verðjöfnunar í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021.

Heimild þessi kemur í stað heimildar til stjórnar um kaup á eigin bréfum sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 11. mars 2025 og gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar. Skál hennar getið í viðauka við samþykkir Heima hf., sbr. 2. mgr. 12. gr. samþykkt félagsins og koma í stað eldri viðauka um sama efni.

6. Tillaga stjórnar til breytinga á samþykktum félagsins

Stjórn Heima hf. leggur til, verði tillaga samkvæmt dagskrárlið 5 samþykkt, að bætt verði við svohljóðandi viðauka við samþykktir félagsins, sbr. 2. mgr. 12. gr. samþykkt félagsins sem kemur í stað eldri viðauka:

Viðauki

Á aðalfundi félagsins þann 9. mars 2026 var svohljóðandi tillaga samþykkt:

„Stjórn Heima hf. leggur til við aðalfund félagsins, með vísan til heimildar í 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, að félaginu verði heimilt að kaupa í eitt skipti eða oftár hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Tilgangur kaupanna er að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun samkvæmt heimild í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596/2014, sem og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2016/1052, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021, og að vera grundvöllur að þeirri endurkaupaáætlun sem nú er unnið eftir.

Kaupgengi hluta sem keyptir eru samkvæmt heimild þessari skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kaupsþilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga eða vegna endurkaupaáætlana eða verðjöfnunar í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021.

Heimild þessi kemur í stað heimildar til stjórnar um kaup á eigin bréfum sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 11. mars 2025 og gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar og skal hennar getið í viðauka við samþykktir Heima hf., sbr. 2. mgr. 12. gr. samþykkt félagsins“.

Stjórn félagsins leggur jafnframt til að gerðar verði breytingar á 1. mgr. 4. gr. og 23. gr. samþykkt félagsins.

- a) Tillaga um breytingu á 1. mgr. 4. gr. samþykkt félagsins, lögð til lækkun hlutafjár til ógildingar á eigin hlutum.

Stjórn Heima hf. leggur til við aðalfund að eftirfarandi tillaga um lækkun á hlutafé verði samþykkt.

Aðalfundur Heima hf. samþykkir að lækka hlutafé félagsins um 54.523.000 kr. að nafnverði, eða sem nemur 54.523.000 hlutum, til ógildingar eigin hluta. Lækkunin tekur til eigin hluta félagsins sem félagið hefur eignast með kaupum í samræmi við endurkaupaáætlanir stjórnar. Félagið hefur greitt 1.998.450.191 kr. fyrir þessa hluti. Vísað er til ákvörðunar aðalfundar frá 11. mars 2025 um heimild til kaupa á eigin hlutum.

Að fenginni samþykkt framangreindrar tillögu mun 4. gr. samþykkt félagsins hljóða þannig:

„Hlutafé félagsins er 1.967.378.137 kr.
Eittþúsundníuhundruðsextíuogsjömilljónirþrjúhundruðsjötiúogáttapúsundeitthundraðþrjátíuog
gsjö krónur. Hlutir skulu hljóða á nafn.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins í áföngum eða einu lagi um allt að 24.000.000 kr. að nafnverði (eða allt að 1,33% af heildarhlutafé, sé miðað við útgefið hlutafé 30. ágúst 2024) með útgáfu nýrra hluta til að efna kaupréttarsamninga sem kunna að verða gerðir við forstjóra, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur félagsins samkvæmt því kaupréttarkerfi sem gildir innan félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi hlutanna og söluskilmálar skulu vera samkvæmt þeim samningum sem stjórn félagsins gerir við hlutaðeigandi, en samningar skulu byggja á kaupréttaráætlun samþykktri af hluthafafundi félagsins. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt til áskriftar að nýjum hlutum sem kunna að verða gefnir út á grundvelli heimildar þessarar. Nýir hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunarinnar og gilda samþykktir félagsins um þá. Engar hömlur skulu vera á viðskiptum með hina nýju hluti og skulu nýju hlutirnir vera í sama flokki og veita sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Heimild þessi gildir í fimm ár frá samþykkt hennar.“

b) Tillaga um breytingu á 23. gr. samþykkt félagsins, lagt til að bæta varamönnum í stjórn félagsins.

Stjórn Heima hf. leggur til við aðalfund að eftirfarandi tillaga um að bæta varamönnum í stjórn félagsins verði samþykkt.

Aðalfundur Heima hf. samþykkir að bæta tveimur varamönnum í stjórn félagsins þannig að stjórn félagsins skuli skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara.

Að fenginni samþykkt framangreindrar tillögu mun 23. gr. samþykkt félagsins hljóða þannig:

23. gr.

„Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara, sem allir skulu kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Um hæfi þeirra fer að lögum.

Við stjórnarkjör skal tryggja að kynjahlutfall stjórnar og varastjórnar sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns í stjórn og meðal varamanna sé ekki lægra en 40%.

Ef ljóst er fimm dögum fyrir aðalfund að komandi stjórn eða varastjórn mun ekki uppfylla skilyrði um kynjahlutföll samkvæmt 2. mgr. 23. gr. samþykktu þessara skal sitjandi stjórn birta tilkynningu þess efnis að framboðsfrestur til stjórnar eða varastjórnar hafi verið framlengdur. Skal stjórn þá einungis taka við framboðum einstaklinga af því kyni sem hallar á. Hafi frambjóðendur af því kyni sem hallar á ekki boðið sig fram tveimur dögum fyrir aðalfund skal stjórn boða til framhaldsaðalfundar 3-4 vikum eftir aðalfund og auglýsa að nýju eftir framboðum. Skal boða til framhaldsaðalfundar svo oft sem þörf krefur til þess að ná kynjahlutfalli skv. 2. mgr. 23. gr. og skal stjórn sitja þar til slíku kynjahlutfalli er náð.

Náist kynjahlutföll 2. mgr. 23. gr. ekki við kosningu stjórnar á hluthafafundi skal sá er fékk flest atkvæði af þeim sem náðu ekki kjöri, og er af því kyni sem hallar á, taka sæti þess er færst atkvæði fékk af þeim sem náðu kjöri, og er af fjölmennara kyninu. Hafi slík kynjahlutföll ekki enn náðst skal sá er fékk næstflest atkvæði af þeim sem náðu ekki kjöri, og er af því kyni sem hallar á, taka sæti þess er næstfærst atkvæði fékk af þeim sem náðu kjöri, og er af fjölmennara kyninu. Skulu varastjórnarsætin skipta sá karl og sú kona sem fá flest atkvæði við kjörið.

Greinargerð:

Tillaga til breytinga á 23. gr. samþykktu félagsins gerir ráð fyrir því að stjórn félagsins verði hédan í frá skipuð tveimur varamönnum. Samkvæmt núgildandi samþykktum félagsins hefur félagið enga varastjórn. Tillagan miðar einkum að því að tryggja stöðugleika og samfelldni í starfi stjórnarinnar, sér í lagi í tilvikum þar sem aðalmönnum er af einhverjum ástæðum ófært að sinna skyldum sínum.

7. Kosning félagsstjórnar

Framboðsfrestur til stjórnar félagsins rennur út sjö dögum fyrir aðalfund, eða mánudaginn 2. mars 2026 kl. 15:00. Endanleg framboð liggja því ekki enn fyrir. Skýrsla tilnefningarnefndar Heima hf. var birt á heimasíðu félagsins samhliða boðun aðalfundar í kauphöll þann 16. febrúar 2026.

Sérstök athygli er vakin á því að framboðsfrestur til stjórnar rennur út **sjö dögum** fyrir aðalfund, svo sem fyrr greinir. Krafa um hlutfalls- eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna skal hafa borist stjórn félagsins minnst **fimm dögum** fyrir aðalfund.

Tilkynna skal skriflega um framboð til stjórnar og varastjórnar. Í tilkynningu skal, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfang, veita upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Framboðum skal skila á netfangið tilnefningarnefnd@heimar.is.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

8. Kosning endurskoðanda

Stjórn leggur til við aðalfund að Deloitte ehf. verði kjörið sem endurskoðandi félagsins til næsta árs.

9. Tilnefning nefndarmanns í endurskoðunarnefnd.

Stjórn Heima hf. leggur til við aðalfund félagsins að Anna Þórðardóttir verði tilnefnd í endurskoðunarnefnd.

Greinargerð:

Heimar hf. er í skilningi laga nr. 3/2006, um ársreikninga, eining tengd almannahagsmunum og skal þar af leiðandi tryggja að við félagið starfi endurskoðunarnefnd. Samkvæmt 108. gr. a laga um ársreikninga skal nefndarmaður í endurskoðunarnefnd, þegar um er að ræða utanaðkomandi aðila, vera tilnefndur af aðalfundi félagsins. Sá skilningur er lagður til grundvallar að tilnefndur aðili skuli í kjölfarið skipaður til starfans af stjórn félagsins.

10. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd

Á aðalfundi félagsins þann 12. mars 2024 voru tveir núverandi nefndarmanna í tilnefningarnefnd félagsins kjörnir til aðalfundar 2026. Einn nefndarmaður, Heiðrún Lind Marteinsdóttir, var kjörinn af aðalfundi þann 11. mars 2025 til tveggja ára. Kjör tveggja nefndarmanna er því á dagskrá fundarins.

Framboðsfrestur til tilnefningarnefndar félagsins rennur út sjö dögum fyrir aðalfund eða mánudaginn 2. mars 2026 kl. 15:00.

Tilkynna skal skriflega um framboð til tilnefningarnefndar. Í tilkynningu skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndar ber að tilkynna um framboð eigi síðar en sjö dögum fyrir fundinn, eða fyrir kl. 15:00 mánudaginn 2. mars 2026. Framboðum skal skila á netfangið stjorn@heimar.is.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til tilnefningarnefndar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

11. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir kjörtímabilið 2026

Stjórn Heima hf. leggur til við aðalfund félagsins að stjórnar- og nefndarþóknun fyrir hvern mánuð árið 2026 verði þannig að þóknun hvers stjórnarmanns verði 452.000 kr. á mánuði og þóknun formanns stjórnar verði tvöföld þóknun stjórnarmanns. Þóknun fyrir varamenn verði 452.000 kr. á ári og 226.000 kr. fyrir hvern setinn fund.¹

Þóknun fyrir setu í undirnefndum stjórnar skuli vera þannig að þóknun hvers nefndarmanns í starfskjaranefnd verði 120.000 kr. á mánuði, þóknun hvers nefndarmanns í endurskoðunarnefnd verði 120.000 kr. á mánuði og þóknun formanns endurskoðunarnefndar

¹ Að því gefnu að tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins sem felur í sér að tveimur varamönnum er bætt við stjórn félagsins verði samþykkt.

verði 195.000 kr. á mánuði. Þóknun hvers nefndarmanns í tilnefningarnefnd verði 80.000 kr. á mánuði og þóknun formanns tilnefningarnefndar verði 140.000 kr. á mánuði.

12. Önnur mál

Aðrar upplýsingar:

Ofangreind dagskrá og tillögur auk skjala sem lögð verða fyrir aðalfund eru hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins. Einnig eru skjölin aðgengileg á vefsíðu félagsins, www.heimar.is/fjarfestar

Aðalfundur félagsins verður án pappírsgagna.

Kópavogi, 16. febrúar 2026.

Stjórn Heima hf.